

1862.

10. maím.

Reykjavík, um að hún fái leyfi til að taka 400 ríkisdala lán til þess að endurbæta og auka slökkvitól bæjarins. Um þetta efni skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar, og til þess þér birtið það hlutadeigendum, að dómsmálastjórnin leyfir, að bæjarsjóðurinn fái 400 rd. lán af eptirstöðvum hafnarsjóðs Reykjavíkur kaupstaðar, svo framarlega sem hafnarnefndinni ekki virðist vera neitt því til fyrirstöðu, með þeim skilmála, að goldnir verði af láni þessu 4 af hundraði á ári í vöxtu, og að það verði endurgoldið á 12 árum í röð, og nokkuð borgað á hverju ári.

28. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptyfirvaldanna á Íslandi, um hinn lærða skóla.

22. maím.

Það er kunnugt yður, herra stiptamtmaður, og yður háæruverðugi herra, að hið síðasta alþingi hefir sent stjórninni þegnlega bænarskrá um ýmsar breytingar og endurbætur á hinum lærða skóla í Reykjavík, og í henni meðal annars farið fram á, að skipuð verði nefnd manna, einkum kennslufróðra, til að semja nýja reglugjörð fyrir skólann samkvæmt uppástungum þingsins í máli þessa undir stafl. A.

Til þess nú að fara eptir ósk þingsins á þann hátt, sem virðist vera hagfelldastur, þegar litið er á öll atvik, sem fyrir hendi eru, skorar þess vegna stjórnarráðið á yður, herra stiptamtmaður, og yður, háæruverðugi herra, að þér hlutist til um, að fimm kennslufróðir menn, þar á meðal skólameistari hins lærða skóla og forstöðumaður prestaskólans, gangi í nefnd til að íhuga málefni þetta, og semja síðan álitsskjal um það og uppástungur um, hvernig því skuli skipað.

Sumpart til leiðbeiningar fyrir nefnd þessa, og sumpart af því stjórnarráðið fýsir að heyra álit nefndarinnar um ýms atriði í málinu, sem komið hafa til athugunar við meðferð þess hjá stjórnarráðinu, hefir kirkju- og kennslustjórninni þótt réttast að lýsa yfir áliti sínu um málið svona til bráðabirgða, þó því sé enn ekki lengra komið, og skal þá rætt um uppástungurnar í sömu röð og alþingi hefir við haft í bænarskránni, en bænar-

1862.

22. maím.

skráin fylgir með bréfi þessu, bæði frumrit hennar og staðfest dönsk þýðing, til þess nefndin geti haft hlöðsjón af henni.

Þar sem nú alþingi undir stafl. A, 1. tölul., hefir beðið um, að inntökupróf það, sem verið hefir, falli burt sem skilyrði fyrir inntöku í skólann, þá verður stjórnarráðið reyndar að vera á því, að inntaka í skólann, eigi síður á Íslandi en annarstaðar, verði að vera bundin því skilyrði, að hlutaðeigandi hafi staðizt hið fyrirskipaða próf; en bæði er það, að þetta próf af ástæðum þeim, sem teknar eru fram í bænarskránni, ætti að vera svo yfirgripslítið, sem framast má, og svo virðist stjórnarráðinu einnig eiga að íhuga það atriði, hvort ekki muni ástæða til, sökum öldungis sérstaklegs ásigkomulags á Íslandi, að leyfa, að skólapiltaefni, er ekki hafa staðizt inntökuprófið, þegar foreldrar eða aðrir, sem að þeim standa, æskja þess, sæu teknir inn í skólann til reynslu eitt ár sem auka-sveinar, þannig að þeir fari úr skóla aptur, ef sú verður raun á, að þeir ekki sæu orðnir færir um að nota sér kennsluna í skólanum, þrátt fyrir það þó þeir sæu búnir að fá tilsögn þar í eitt ár. Viðvíkjandi þessu niðurlagsatriði í bænarskrá þingsins verður stjórnarráðið annars að biðja um, að sér verði send skýrsla um, hvernig reitt hefir af inntökuprófi því, sem haldið hefir verið á ári hverju síðan hin nýja skólareglugjörð fekk gildi; því um þetta er engin skýrsla í málinu, og eigi hefir heldur af skólaskýrslum þeim, er árlega koma á prent, orðið sæð neitt um þetta atriði, sem þó verður að ráða miklu um, hvað gjört verði við þessa uppástungu.

Frá stjórnarráðsins hálfu er ekkert verulegt því til fyrirstöðu, að fallizt verði á uppástungur alþingis í 2. og 3. tölul. undir stafl. A; þó væri ef til vill réttast að aðhyllast uppástungu þá, sem fram kom á þinginu um, að skólaárið skuli enda 15. dag júnímánaðar í staðinn fyrir 1. dag í þeim mánuði; því með þessari breyting á skólaárinu yrði að mestu bætt úr því, sem þingið hefir talið sem ástæður fyrir uppástungu sinni (tölul. 3.).

Uppástunga þingsins í 4. tölul. undir stafl. A um breyting á tilhögun á kennslunni, er svo mikils varðandi, að stjórnarráðið verður að æskja þess, að nefndin íhugi þetta atriði ítar-

1862.
22. maim.

lega; ef til vill væri og ástæða til að láta það koma til umræðu á kennarafundi, er ætti að segja um það álit sitt og senda síðan nefndinni henni til leiðbeiningar, og til þess hún gæti íhugað það enn ítarlegar.

Þar sem alþingi í 5. tölul. undir stafl. A hefir óskað þess, að hafðar sæu íslenzkar kennslubækur í skólanum, þá hefir stjórnarráðið í hyggju að uppfylla þessa ósk þingsins; þó skal þess getið, að ekki virðist nauðsyn á að nýjar kennslubækur sæu samdar á íslenzku, heldur virðist mega koma fram því, sem til er ætlazt, á þann hátt, að snúið sé á íslenzka tungu hentugum dönskum kennslubókum. En stjórnarráðið æskir að heyra álit nefndarinnar sérstaklega um það atriði, hve yfirgripsmikil sú ráðstöfun ætti að vera, sem gjörð yrði í þessu efni, og um það, hverjum kennslubókum mönnum litist eiga að snúa á íslenzku, og hverjar bækur ætti að semja á íslenzku af nýju.

Um uppástungu þingsins í 6. tölulið undir stafl. A, skal þess getið, að þegar litið er á það samband, sem ætla má að eigi sér stað milli lærisveinanna og kennaranna við skólann, þá virðist betra að fela einhverjum kennaranna, sem hefir til að bera þá hæfilegleika er til þess þurfa, á hendur fyrir hæfilega borgun umsjónarmannsembætti það, sem stungið er upp á, heldur en að setja sérstakan umsjónarmann, er ekki einnig hafi á hendi kennara embætti við skólann.

Að því, er snertir hinar uppástungurnar undir stafl. A, þá hefir stjórnarráðið ekkert verulegt móti þeim, sem gjörðar eru í 7. og 8. tölulið; þar á móti verður ekki annað en dreginn mjög mikill efi á, að unnt sé, svo sem farið er fram á í 9. tölulið, að útvega skólanum fleiri ölmusur, með því hann nú þegar hefir svo afarmikil hlynnindi, ekki einungis í samanburði við tölu lærisveina, heldur og í samanburði við það, sem fyrrum átti sér stað (í Skálholti og á Hólum og síðar á Bessastöðum). Það má ætla, að það nú þegar sé venja, að piltum, sem ekki eiga heima í Reykjavík (10. tölul.), sæu veittar ölmusur fremur en þeim piltum, sem þar eiga heima, og ákvörðun um þetta efni virðist því ekki vera nauðsynleg.

Þar sem alþingi loks undir stafl. C hefir stungið upp á,

1862.

22. maím.

að innleiða á Íslandi fyrst um sinn á ný útskrípt úr heimaskóla með nokkrum nákvæmari takmörkunum, þá skal þess getið, að leyfi til að útskrifa úr heimaskóla, smbr. kans.br. 2. okt. 1830 og kennslureglugjörð 30. maím. 1846, 21. grein, smbr. reglugjörð 11. febrúarm. 1848 4. gr. 1. tölul., aldrei hefir verið úr lögum numið, með því þeir, er hafa notið heimakennslu, og hafa gengið undir hið árlega burtfararpróf við skólann og staðizt það, eiga sama kost á að verða borgarar við háskólann eins og þeir, sem eru útskrifaðir úr skólanum, og eins til að komast á menntunarstofnunina fyrir prestaefni á Íslandi.

Þó nú stjórnarráðið ekki sè því mótfallið, að láta fleiri en þá, sem tekið hafa embættispróf í guðfræði við háskólann, hafa rétt til að útskrifa pilta, getur það á hinn bóginn með engu móti fallizt á, að sleppt sè þeirri kröfu, að þeir, sem útskrifaðir eru úr heimaskóla, gangi undir próf við hinn lærða skóla. Hvað þá snertir, er koma til háskólans, er þetta og óumflýjanlegt skilyrði fyrir því, að þeir geti orðið aðnjótandi þeirra hlynninda, sem borgurum háskólans er heitið, smbr. reglug. 11. febrúarm. 1848, 4. gr. 1. tölul. Það lítur einnig svo út, þó það enganginn sè ljóst af ástæðunum fyrir uppástungu alþingis, að þingið með uppástungu þessari einkum hafi haft hliðsjón til þeirra, er ætla að halda áfram menntaiðkunum sínum við prestaskólann í Reykjavík; en jafnvel að því, er þá snertir, virðist óráðlegt að sleppa prófinu, einkum af því stjórnarráðið ekki fær sèð, að aðferð sú, sem alþingi hefir bent á undir stafl. C e, að við skyldi hafa, veiti neina verulega trygging móti þeirri misbrúkun, sem reynslan hefir sýnt fram á, að útskrípt úr heimaskóla hefir í för með sèr.

En á hinn bóginn kynni, ef til vill, vera ástæða til að lètta prófið nokkuð fyrir þessa menn, t. a. m. með því að fría þá stundum við að ganga undir próf í vissum kennslugreinum, þegar sèrstaklega væri um það sótt. Verið getur og, að gjörandi væri að skipta prófinu á þann hátt, að þeir, sem þess æsktu, fengju að ganga undir próf og ljúka því í vissum kennslugreinum, svo að kennslu í þeim greinum væri álitíð að vera lokið, en þar á móti skyldu hlutaðeigendur með tveggja ára lestri í

1862.
22. maím.

skólanum í nokkurskonar efsta bekk búa sig undir próf í hinum kennslugreinunum. Með þessari skipting er vonandi, að það áynnist, að heimakennsla í landinu tæki framförum, með því ætla má, að aðalástæðan til þess, að sú kennsla svo mjög hefir minnkað, sè sú, að hinir eldri menntamenn ekki sjái sig færa um að kenna þær vísindagreinir, sem tekið er að kenna í hinum lærðu skólum, eptir að sú breyting er komin á, sem orðið hefir á síðari tímum á tilhögun skóla þessara, eður sem nú eru kenndar þar eptir miklu stærri mælikvarða en fyrrum. Þegar menn hefðu sèr þetta hugfast, væri ef til vill ástæða til að skipta prófinu á þann hátt, að hlutadeigendur aðeins þyrftu að ganga undir próf í íslenzkn, latínu, grísku, trúarfræði og sagnafræði, og gætu þar á eptir notað sèr skólann til að afla sèr þekkingar í dönsku, þýzku, landafræði, rúmmálsfræði og eðlisfræði.

Stjórnarráðið óskar að störfum nefndarinnar verði flýtt svo sem kostur er á, og að skjöl þau, er hún semur, verði síðan hingað send með álitum yðar, herra stiptamtmaður, og yðar, háæruverðugi herra, og um leið verði aptur send fylgiskjöl bréfs þessa.

29. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um framfærsluhrepp Guðrúnar Magnúsdóttur. 26. maím.

Eptir að dómsmálastjórnin með bréfi yðar, herra stiptamtmaður, 22. febrúarm. þ. á. er búin að fá eptirrit af réttarprófi því, er hún bað um 31. októberm. f. á. til upplýsingar um, hvar geðveik kona, Guðrún Magnúsdóttir, hefir dvalið síðan hjónaband hennar og Arngríms Halldórssonar, fyrrum prests til Saurbæjar í Strandarhrepp í Borgarfjarðarsýslu, var numið úr gildi að fullu og öllu með konunglegu leyfisbréfi 18. desemberm. 1845, skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar, og til þess þér auglýsið það þeim, er hlut eiga að máli, að með því það eptir skýrslum þeim, sem nú eru fengnar í máli þessu, er